

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: 1054. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 1. desember 2011

Varðandi: Alþingi
Nr. erindis 201111200
Dags.: 19.01.2012

Alþingi
Erindi nr. P 140/927
komudagur 26.1.2012

Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni. 140. löggjafarþing 2011–2012. Þingskjal 21 — 21. mál.

1054. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar vísaði erindi Alþingis um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, sbr. tölvupóst frá 23. nóvember 2011, til umsagnar fjölskyldunefndar. Í tillögunni er lagt til að velferðarráðherra, í samvinnu við Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sjái til þess að fólki sem er 75 ára og eldri bjóðist árlegar heimsóknir með það í huga að hægt verði að veita því þjónustu strax og þurfa þyki með það í huga að það geti búið sem lengst heima.

Breytilegt er hvort slíkar heimsóknir eru lögbundnar, sbr. Danmörku, eða valkvæðar, sbr. Svíþjóð¹, þar sem lagastoð þjónustunnar er sótt til ákvæða um fyrirbyggjandi þjónustu í socialtjänstlagen (6. gr. 5. kafla, SFS 2001:453) og/eða í hliðstæð ákvæði í hälso- och sjukvårdslagen (2. gr. SFS, 1982:763, lag 1998:1660)². Til eru rannsóknir sem benda til árangurs af slíkum heimsóknum, aðrar benda til þess að ekki sé um slíkt að ræða.

Forgangsröðun verkefna í félags- og heilbrigðisþjónustu opinberra aðila undanfarin ár hefur fyrst og fremst tekið mið af því að standa vörð um óbreytt þjónustustig þrátt fyrir nauðsynlega hagræðingu. Heimsóknir sem tillagan gengur út á er mjög kostnaðarsöm þar sem nær 18.700 einstaklingar eru 75 ára og eldri. Einstaklingar sem eru fimm árum eldri eru næstum helmingi færri og einungis einn þriðji er tíu árum eldri³. Reikna má með því að hver heimsókn taki a.m.k. tvær klukkustundir, að meðtöldum undirbúningi, úrvinnslu og ferðatíma.

Til eru þeir sem telja að heimsóknir af þessu tagi séu á gráu svæði á milli friðhelgis einkalífs og þjónustu opinberra aðila (félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu ríkisins), sem beri að virða. Til að tryggja að heimsóknir sem þessar skili árangri þarf að skilgreina vel tilgang þeirra og meta árangur af starfinu til að réttlætlanlegt sé að ráðstafa fjármagni í verkefnið. Mikilvægt er að um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu sé að ræða þar sem markmið heimsóknanna er að stuðla að aukinni vellíðan og færni eldra fólks, en vinna gegn sjúkdómsvæðingu.

Forsenda fyrir fyrirbyggjandi áhrifum er að aukin áhersla verði lögð á að starfsfólk félags- og heilbrigðisþjónustu búi yfir nauðsynlegri þekkingu til þess að kunna að

¹ Inga Micaeli, Kaj Gustavsson og Karin Tillberg Mattsson (2010) *Utan för upptrappades tigor* FoU Rapport 2010:6 Sótt 29.12.2011 af http://www.regiongavleborg.se/download/18_7a4cf4b812b5d89068480001815/FoU-rapport+2010-6+Utan%C3%B6r+upptrampade+stigar.pdf

² Kersti Nordel (2009). *Åldres vardag-planerad trygghet eller akut oro. Förebyggande hembesök i Centrum Linnéstaden och Tuve Säve*. Sótt 29.12.2011 af http://www.arkom.se/download/18_563dea7a1259bc9aa0f80004089/forebyggande_hembesok.pdf

³ Upplýsingar af vef Hagstofu Íslands sótt 29.12.2011

75 ára +	80 ára +	85 ára +
18.656	10.979	4.898

greina hættumerki hjá eldra fólki sem leitt geti til vanlíðunar og vanheilsu. Samvinna félags- og heilbrigðisþjónustu er einnig lykilatriði til þess að málefni þeirra er hér eiga í hlut lendi ekki milli skips og bryggju. Umræddar heimsóknir koma að litlu gagni ef þá samvinnu skortir. Þá er mikilvægt að stuðst sé við staðfesta matstækni svo sem InterRAI-HC með því má meta heilsufar og félagslegar aðstæður. Með því að styðjast við slíkt mat er auðveldara að meta útkomu og árangur þess stuðnings sem veittur er.

Miðlun upplýsinga til eldra fólks er mikilvægur þáttur, þar geta komið til fleiri leiðir og kostnaðarminni en heimsóknir á heimili einstaklinga.

Áður en gripið verður til kostnaðarsamra aðgerða sem óvíst er um árangur af ætti að vinna markvisst að auknu samstarfi milli starfsfólks félags- og heilbrigðisþjónustu og fræðslu því til handa um leiðir til að stuðla að aukinni vellíðan og færni eldra fólks. Þá mætti án efa efla upplýsingagjöf til eldra fólks um þjónustu sem því stendur til boða, án umtalsverðs kostnaðar.

Virðingarfyllst

Unnur V. Ingólfssdóttir

framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs